

**Athugasemd frá stjórn Íslenskrar málnefndar  
vegna draga að frumvarpi til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara  
og skólastjórnenda við leik- grunn- og framhaldsskóla**

Í 2. grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknumáls, nr. 61/2011 segir m.a.: *Allir sem búsettir eru hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlögum.*

Í 8. grein sömu laga segir. *Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannabjónustu.*

16. grein grunnskólalaga er skýrt kveðið á um að kennsla skuli fara fram á íslensku. Sambærilegt ákvæði er í 35. grein laga um framhaldsskóla. Í 24. grein grunnskólalaga segir m.a. að leggja skuli áherslu á þjálfun íslensku í öllu námi.

Enn er þess að geta að í íslenskri málstefnu sem sett er fram í ritinu Íslenska til alls og samþykkt var á Alþingi 12. mars 2009 og í þingsályktunartillögu mennta- og menningarmálaráðherra, sem nú liggur fyrir Alþingi, um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi er kallað eftir aukinni íslenskukennslu í kennaranámi. Í þessari þingsályktunartillögu eru líka svohljóðandi ákvæði: „Kennsla í menntakerfinu á 1. – 6. hæfniþrepi fari fram á íslensku.“

Í ljósi þess sem nú hefur verið rakið, finnst íslenskri málnefnd skjóta skökku við að hvergi í frumvarpi því sem hér er til umræðu skuli að finna ákvæði um að þeir sem veitt er leyfi til að nota starfsheitið kennari á Íslandi og starfa við kennslu í leik- grunn- og framhaldsskólum skuli hafa vald á íslenskri tungu.

Íslensk málnefnd leggur því til, að sett verði inn í frumvarpið skýr ákvæði þess efnis, að einstaklingur með erlent kennarapróf verði að hafa hæfni í íslensku, sem hið minnsta jafngildir hæfniþrepi C1 skv. samevrópska matsrammanum fyrir tungumál, til að fá leyfi til að nota starfsheitið kennari og taka að sér kennslu í íslenskum leik- grunn- og framhaldsskólum.

Fyrir hönd stjórnar Íslenskrar málnefndar  
5. mars 2019

  
Hilmar Hilmarsson